

Mál nr. 386/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B

Árekstur á Reykjanesbraut gegnt Smáralind 09.08. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið suður Reykjanesbraut. Vinstra afturhorn A og hægra framhorn B rákust saman. Ágreiningur er um aðdraganda óhappsins.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum, til vara telur að hann skipta skuli ábyrgð. Hann gagnrýnir niðurstöðu vátryggingafélagsins og Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingfélagið vísar til þess að mál þetta hafi verið tekið til gagngerrar skoðunar og rætt hafi verið við vitni. Félagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum. Tvö vitni hafi verið að atburðinum sem hafi verið með samhljóða lýsingu, ökumaður A hafi tekið fram úr B. Hann hafi misst stjórn á bifreið sinni og rekist utan í B. Félagið telur að fyrirliggjandi myndbandsstikla sem sýnir eltingarleik lögreglu í Bandaríkjunum hafi ekki sérstök tengsl við það mál sem hér er til umræðu.

Skýrsla lögreglu getur frásagnar ónafngreinds vitnis sem var farþegi í bifreið sem var u.þ.b. tveimur billengdum á eftir B á vinstri akrein. Vitnið lýsir því að A hafi “verið ekið fram úr bifreiðinni sem hann var í vinstra megin og svo verið sveigt yfir á hægri akrein snögglega. Við það taldi vitnið að ökumaður A hafi misst stjórn á bifreið sinni og rekist utan í B með þeim afleiðingum að A hringsnerist ...”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ökumaður A ekki hafa hugað næganlega að annarri umferð og ekið utan í B sem ekið var í sömu átt. Frásögn vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu styður réttarstöðu ökumanns B.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tilefni sé til að efast um frásögn þess vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu. Hún er því lögð til grundvallar. Það breytir ekki ofanrituðu þó að umrætt vitni sé ekki nafngreint í skýrslu lögreglu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.